

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna Haldinn 30. apríl 2019 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2019 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, þriðjudaginn 30. apríl 2019 kl. 17:15.

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki. Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2018
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna
- 3) Tillögur um breytingar á samþykktum

Á fundinum voru sýndar glærur og eru þær aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2019“. Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2018, er aðgengileg í ársreikningi 2018 á bls. 13 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 32 fyrir Aldursdeild, en ársreikningur 2018 er aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins.

Var því gengið til dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins og samkvæmt ákvörðun fundarstjóra:

Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Ársreikningur 2018 og fjárfestingarstefnur.
- 3) Tryggingafræðileg athugun.
- 4) Tillögur til breytingu á samþykktum sjóðsins.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 7) Önnur mál.
a. *Málefni Hlutfallsdeildar*

1) Skýrsla stjórnar

Ari Skúlason, formaður stjórnar, tók til máls undir liðnum skýrsla stjórnar.

Með leyfi Ara er ræða hans hér birt í heild sinni:

„Skýrsla formanns á ársfundi Lífbank 30. apríl 2019

Ágætu sjóðfélagar.

Skýrslu stjórnar má lesa í þeim fundargögnum sem þið hafið fyrir framan ykkur og svo auðvitað á heimasíðu sjóðsins.

Þeir heiðursmenn Tryggvi Tryggvason framkvæmdastjóri sjóðsins og Bjarni Guðmundsson tryggingafræðingur hans munu svo fara nánar yfir ávöxtun og stöðu sjóðsins, fjárfestingastefnur deildanna og tryggingafræðilegar úttektir síðar á fundinum. Talnaefnið er því meira og minna í þeirra höndum og ég mun reyna að koma ekki of mikið inn á þau mál.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Kerfið sjálft er alltaf mikið í umræðunni og margir hafa skoðanir á því hvernig það á að vera, og gildir það ekki síst um stjórnámálamenn. Ég vil hér koma inn á tvennt af því sem gerir íslensku lífeyrissjóðina sérstaka miðað við aðrar þjóðir, stærð þess og svo tryggingarþáttinn.

Miðað við vestrænar þjóðir eru íslensku lífeyrissjóðirnir mjög stórir. Myndin hér að ofan (sjá bls. 4 í glærusýningu) sýnir stærð lífeyrissjóða í aðildarlöndum OECD miðað við landsframleiðslu. Örin bendir á okkur og þarna má sjá að það eiga einungis tvær þjóðir stærra kerfi en við Íslendingar, Hollendingar og Danir. Á árinu 2017 var stærð lífeyrissjóðanna hér 165% af landsframleiðslu. Ef við einföldum myndina (sjá bls. 5 í glærusýningu) og lítum einungis til þeirra ríkja sem eru næst okkur og við erum vön að bera okkur saman við má glöggst sjá hversu stórir sjóðirnir hérna eru miðað við t.d. Svíþjóð, Finnland og Noreg. Það er því augljóst að íslensku lífeyrissjóðirnir eru hlutfallslega mjög stórir og við þekkjum öll umræðuna um áhrif sjóðanna á rekstur íslenskra fyrirtækja og viðskiptalífið almennt.

Vegna aðstæðna á síðustu árum var staðan orðin sú að sjóðirnir áttu allt að 40% hlutabréfa fyrirtækja, sem skráð eru í Kauphöll Íslands og það gengur tæplega til lengdar. Við þekkjum líka umræðuna um að fulltrúar sjóðanna sitji í stjórnum skráðra fyrirtækja og séu því báðum megin við borðið hvað hagsmunagæslu varðar.

Okkar lífeyrissjóður hefur aldrei komið að vali stjórnarmanna í fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlutabréf í, enda er bein eign í einstökum fyrirtækjum afar lítil og hlutabréfaeign okkar fyrst og fremst óbein í gegnum sjóði.

Eitt af viðbrögðum lífeyrissjóðanna við þessari stöðu hefur verið að auka fjárfestingar erlendis, m.a. til þess að auka áhættudreifingu. Þetta á einnig við um sjóðinn okkar. Í núgildandi fjárfestingastefnu fyrir Aldursdeild lífeyrissjóðsins er stefnt að því að hækka hlutfall erlendra eigna úr 20% upp í 25% á þessu ári og enn frekar á næstu misserum, og auka þannig áhættudreifingu í ávöxtunarleiðum deildarinnar. Þetta hlutfall erlendra fjárfestinga hefur nær þrefaldast á 3 árum.

Annað atriði sem einkennir íslenska lífeyriskerfið er Tryggingarþátturinn. Það gleymist gjarnan í umræðu um lífeyrissjóðina að u.þ.b. fjórðungur af iðgjaldi fer í einhvers konar áfallalífeyri sem flestir þurfa sem betur fer aldrei en kemur sér mjög vel fyrir fáa sem lenda í áföllum. Þetta hlutfall er jafnvel enn hærra í sumum sjóðum. Hér má fyrst og fremst benda á örorkutrygginguna sem eru stór þáttur í sameignarkerfinu okkar. Við spáum mikið í sameign og séreign og það er mikið horft á erfanleikann. En það má ekki gleyma því hve mikilvægur tryggingarþátturinn er í því kerfi sem við höfum byggt upp. Það eru engar tryggingar í erfanlegri séreign og það er mikilvægt að muna að sameignarkerfin tryggja lífeyri til æviloka. Okkur hefur farsælega tekist að blanda þessum tveimur leiðum saman til þessa.

Við erum lítill lífeyrissjóður. Að meðaltali greiddu 150 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild á árinu 2018 og 1.823 í Aldursdeild eða alls 1.973. Greiðandi sjóðfélögum í aldursdeild fækkaði um næstum 50 á árinu, úr ca. 1870 niður í ca. 1820. Þetta er 2,7% fækkun á einu ári skv. mínum prósentureikningi. Miðað við

stærð íslenska lífeyriskerfisins sem ég talaði um áðan erum við meðal þeirra minnstu, númer 13 af 21 starfandi sjóðum í árslok 2017.

Samstarf við aðra sjóði

Á næst síðasta ársfundi sjóðsins var samþykkt tillaga um að leita eftir samstarfi við aðra sjóði, aðallega til þess að skoða mögulega lækkun rekstrarkostnaðar. Samskipti milli sjóða um samstarf eru vandmeðfarin, m.a. vegna samkeppnissjónarmiða og menn eru mikið á verði gagnvart Samkeppniseftirlitinu.

Fljótlega eftir að áðurnefnd tillaga var samþykkt var sent bréf til Samkeppniseftirlitsins með spurningum hvað mætti og hvað ekki í þessum efnum. Svar hefur ekki borist enn þrátt fyrir ítrekanir.

Að frumkvæði okkar hittust stjórnarmenn fimm lífeyrissjóða nú í vetur til þess að ræða lauslega og óformlega um möguleika og áhuga á samstarfi milli þeirra. Viðhorf gagnvart auknu samstarfi voru jákvæð. Hópurinn var sammála um að fulltrúar Lífbank myndu senda Samkeppniseftirlitinu spurningar um álit á samstarfi sjóða um t.d. óhefðbundnar fjárfestingar og innviðafjárfestingar. Þessar spurningar hafa þegar verið sendar til Samkeppniseftirlitsins.

Margt í starfsumhverfi lífeyrissjóða er flókið og þunglamalegt. Við í stjórn sjóðsins höfðum t.d. áhuga á því að leggja til breytingar á samþykktum fyrir þennan fund í þá átt að leyfa rafrænar kosningar í starfsemi sjóðsins. Það mál reyndist hins vegar flóknara og viðameira en við reiknuðum með, m.a. vegna flókins regluverks, en við skoðum málið áfram.

Málarekstur vegna Hlutfallsdeildar

Eitt af stærri málum okkar á undanförunum misserum er dómsmálið gagnvart aðildarfélagum sjóðsins og ríkissjóði. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sjóðsins reyndist ekki vilji til viðræðna og samninga um málið hjá aðildarfyrirtækjunum og ríkinu og því höfðaði sjóðurinn dómsmál til að freista þess að rétta hlut sjóðfélaga.

Þátt fyrir að kröfurnar í málinu séu einfaldar og byggja á nákvæmri matsgerð dómskvadds matsmanns um bætur er málið mjög flókið af dómsmáli að vera m.a. til þess að komast framhá reglum um fyrningar.

Það nýjasta í málinu er að héraðsdómur hefur úrskurðað að þremur af 4 kröfuliðum skuli vísað frá að kröfu aðildarfyrirtækjanna – en hafnað var að vísa frá síðusta varakröfunni um viðurkenningu á ábyrgð ríkisins. Það mál heldur áfram og stjórn sjóðsins mun á næstu dögum ákveða hvort kæra eigi niðurstöðurnar um frávísun til Landsréttar. Mér finnst líklegt að það verði gert, og tel sjálfur að það sé sjálfsagt að gera það.

Það er mikilvægt að vera vel á verði í máli sem þessu, halda rökum okkar uppi gagnvart samfélaginu og reyna að vekja sem mesta athygli á því með þeim miðlum sem við höfum.

Skerðingar Tryggingastofnunar.

Hin mikla umræða um skerðingar almannatryggingagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins er jafnan á miklum villigötum. Yfirleitt er fókusinn sá að það sé lífeyrissjóðurinn sem skerði eftirlaun til fólks vegna annarra tekna, svo sem launatekna eða fjármagnstekna. Eins og við vitum öll er þetta alls ekki rétt. Lífeyrissjóðurinn greiðir út samkvæmt þeim réttindum sem sjóðfélagi á frá þeim tíma sem sjóðfélagi óskar að taka eftirlaun. Stjórnámálamenn úr öllum flokkum hafa hins vegar verið sammála um að skerða lífeyri frá Tryggingastofnun hafi viðkomandi einhverjar tekjur, t.d. vegna atvinnu, frá lífeyrissjóði eða fjármagnstekjur.

Við getum litið aftur til samanburðargagna frá OECD í þessu sambandi. Á myndinni hér að ofan (sjá bls. 6 í glærusýningu) má sjá lífeyri meðallaunamanns sem hlutfall af launum á árinu 2017. Aftur bendir örin á okkur og þar má sjá að lífeyrisgreiðslur hér séu 69% af launum. Aftur sjáum við að við erum stödd í efri hluta þjóðanna. Myndin sýnir hins vegar líka skiptingu lífeyrisgreiðslanna, en það sést ekki vel.

Mynd með færri þjóðum (sjá bls. 7 í glærusýningu) sýnir vel þá sérstöðu okkar að nær allur lífeyririnn kemur frá lífeyrissparnaði og einungis lítill hluti, eða 4,7%, frá almannatryggingum. Ef við skoðum öll þessi lönd í einum pakka sést að meðalhlutdeild almannatrygginga í lífeyrisgreiðslum er þriðjungur. Væri það þannig hér að Tryggingastofnun bætti þriðjungi ofan á greiðslur frá lífeyrissjóðunum í stað þess að skerða væri sennilega betra að lifa fyrir marga.

Stjórnámálamenn virðast ekki hafa hugmynd um að lífeyriskerfið er afurð sem búin var til á vinnumarkaði og var aðallega ætlað að koma sem viðbót við eðlilegar greiðslur frá almannatryggingum. Svo er hins vegar alls ekki eins og við vitum öll. Samt eru stjórnámálamenn sífellt að krukka í kerfi sem þeir hafa ekki með að gera.

Nýjasta dæmið er að finna í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við svokallaða lífskjarasamninga þar sem kemur fram að sett verði í forgang að hækka lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5% af launum. Jafnframt er kveðið á um að þar af þurfi að lágmarki 12% að renna í samtryggingarsjóð og þá geti allt að 3,5% runnið í séreign.

Nú rekur okkar sjóður ekki séreignadeild og er eingöngu samtryggingarsjóður og því er þetta kannski ekki besti staðurinn til þess að ræða þetta. Þetta er hins vegar óþolandi íhlutun stjórnvalda í lífeyriskerfi sem á að vera frjálst.

Verði öllum gert skylt að greiða 12% af launum í samtryggingu er verið að takmarka verulega hve stórum hluta af skylduiðgjaldi einstaklingar mega ráðstafa í séreign. Einungis mætti ráðstafa 3,5% af launum í séreign í stað rúmlega 12%. Sérstakur 7% séreignasparnaður samkvæmt kjarasamningum SSF færi fyrir lítið. Samsetning lífeyrisréttinda yrði eins hjá nær öllum sjóðum. 12% af launum í samtryggingu og 3,5% í séreign.

Ekki verður annað séð en að meginástæðan fyrir því að takmarka greiðslur í séreign sé að tryggja að greiðslur úr lífeyrissjóðum vegna 12% iðgjalds skerði lífeyri frá Tryggingastofnun hjá öllum lífeyrisþegum. Þar væri verið að tala um alla lífeyrissjóði og alla þá sem fá lífeyrisgreiðslur.

Áskoranir

Eins og þið vitið liggja fyrir fundinum tillögur frá stjórn sjóðsins um lagabreytingar sem snúa að nauðsynlegum skerðingum í Hlutfallsdeild, eitthvað sem við vissum fyrir og ræddum á sjóðfélagafundi í vetur. Svo hefur komið í ljós að staða Aldursdeildar er ekki of góð, m.a. vegna nýrra upplýsinga frá tryggingafræðingum um hærri lífslíkur þeirra sem ekki lenda í örorku. Þar sem okkar sjóður hefur notið lágrar örorkutíðni bitna þessar tölur hart á honum. Óróleiki í gengismálum í lok ársins orsakaði reyndar líka verri ávöxtun sjóðsins en eðlilegt verið. Það má segja að fyrir okkur hafi áramótin verið á óheppilegum tíma um síðustu áramót.

Við stöndum einnig frammi fyrir áskorunum sem koma innan úr eigin röðum. Fyrir fundinum liggur tillaga frá sjóðsfélögum um að fólki í aldursdeild verði heimilt að velja sér lífeyrissjóð sem myndi þýða að starfsmönnum aðildarfyrirtækjanna verði heimilt að velja sér annan lífeyrissjóð en okkar sjóð.

Þetta er mjög róttæk tillaga og eðli málsins samkvæmt hefur stjórn sjóðsins fjallað ítarlega um hana. Það er mat stjórnar að tillagan sé vanreifuð og henni hefði mátt fylgja mat á afleiðingum samþykktar hennar fyrir sjóðinn og sjóðsfélaga.

Breytingartillagan snýr einungis að einum þætti samstarfs sjóðfélaga og aðildarfyrirtækjanna. Með samþykkt hennar gæti skapast töluvert ójafnvægi. Væri t.d. ekki eðlilegt skref fyrir sjóðinn að opna fyrir aðild annarra hópa til þess að veða á móti þeirri fækkun sem gæti orðið. Eðlilegt væri að tryggja slíkar breytingar samhliða því sem fækkun yrði heimiluð í sjóðnum. En með slíkum breytingum væri verið að raska verulega því samstarfslíkani sem hefur gilt um sjóðinn um áratugi og hefur lifað af bæði kreppur og gjaldþrot fyrirtækja. Hér er verið að leggja til að Lífeyrissjóður bankamanna kasti í burtu samtryggingarkerfinu og skylduaðildinni fyrstur lífeyrissjóða af því tagi í landinu. Sú breyting þjónar ekki hagsmunum heildarinnar heldur einungis einstökum sjóðfélögum og e.t.v. einungis þeim sem lítil réttindi eiga í sjóðnum og nýlega hafa hafið störf. Sjónarmið stjórnar sjóðsins munu koma betur fram þegar tillagan verður rædd síðar á fundinum.

Tillagan er lögð fram í nafni valfrelsis, og enginn er á móti valfrelsi. Mín skoðun er hins vegar sú að lífeyrissjóðurinn okkar sé það lítill og sérstakur að samþykkt svona tillögu gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjóðinn og sjóðfélaga. Fyrir mér er augljóst að greiðandi sjóðfélögum mun að öllu óbreyttu halda áfram að fækka. Mér finnst líka jafn ljóst að við munum ekki reka lífeyrissjóð með ca. 1.500 greiðandi sjóðfélögum um aldur og ævi. Þá finnst mér líka einsýnt að spurningin um aðildarfrelsi myndi líklega leysast sjálfkrafa með sameiningu við annan sjóð eða sjóði. Þá á ég við aðildarfrelsi bæði fyrir sjóðfélaga og aðildarfyrirtækin. Mér finnst þannig ekki líklegt að aðildarfyrirtækin vilji vera bundin í sjóði eins og okkar ef sjóðfélagarnir vilja ekki vera það.

Ég tel að gott samstarf stéttarfélaga, fyrirtækja og samtaka atvinnurekenda um lífeyrissjóðakerfið hafi til þessa að miklu leyti komið í veg fyrir að stjórnámálmennt væru búnir að eyðileggja kerfið endanlega. Það á jafnt við okkar sjóð og kerfið allt. Nú veit ég vel að félagar í Hlutfallsdeild hafa gjarnan viljað sjá meiri samstarfsvilja frá aðildarfyrirtækjunum á stundum og ég er sammála því. Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun minni að gott samstarf við atvinnurekendur er nauðsynlegt til þess að verja kerfið fyrir afskiptasemi og árásum stjórnámálanna.

Væntanleg þróun og framtíðarhorfur

Stjórn sjóðsins gerir ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á næstu árum í umhverfi lágra vaxta og ávöxtunarkjara. Dómsmál Hlutfallsdeildar mun vera ofarlega á dagskrá á næstu mánuðum og í kjölfar þess verður eflaust til skoðunar hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans. Persónulega tel ég líka tíma til kominn að fara að huga alvarlega að framtíðinni og þar með að huga að sameiningu við annan sjóð eða sjóði.

Niðurlag.

Ég þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott og uppbyggilegt samstarf undanfarin ár.

Lífeyrissjóður bankamanna er öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður og það er mikilvægt á næstu árum að vanda sérhvert skref sem við tökum til að ná sem mestum ábata fyrir sjóðfélaga.

Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna“

Ari lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Hinrik tók næstur til máls og þakkaði Ara fyrir. Hinrik lagði til að spurningum til Ara um skýrslu stjórnar yrði frestað þar til Tryggvi Tryggvason hefði lokið yfirferð sinni um ársreikning sjóðsins og fjárfestingarstefnur. Var það samþykkt.

2) Ársreikningur 2018 og fjárfestingarstefnur

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fjárfestingarstefnum deildanna. Ársreikningur 2018 lá frammi á fundinum og er ásamt fjárfestingarstefnum aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is, undir liðnum „Sjóðurinn“.

Fyrst vék Tryggvi máli sínu að ávöxtun Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar á árinu 2018 (sjá bls. 9-10 í glærusýningu). Í máli Tryggva kom m.a. fram að hrein nafnávöxtun Hlutfallsdeildar hefði verið 6,8% og raunávöxtun 3,5%. Þá hefði hrein nafnávöxtun Aldursdeildar verið 5,0% og raunávöxtun 1,7%. Nefndi Tryggvi að Hlutfallsdeild hefði siglt nokkuð lygnan sjó á síðasta ári og að sveiflur í ávöxtun deildarinnar væru sem fyrr ekki miklar, Hlutfallsdeild væri varfærin deild og samsetning eigna deildarinnar endurspeglaði það sem og ávöxtun. Ávöxtun Aldursdeildar hefði hinsvegar sveiflast nokkuð og fram eftir ári 2018 hefði stefnt í mjög góða ávöxtun en undir lok árs 2018 hefðu aðstæður á erlendum hlutabréfamörkuðum versnað hratt á sama tíma og krónan styrktist, en þetta hafi m.a. haft þau áhrif að ársmeðaltal ávöxtunar hjá Aldursdeild lækkaði mikið. Þá nefndi Tryggvi að mismunandi uppgjörsaðferðir skekktu samanburð milli sjóða og að Lífeyrissjóður bankamanna bókfærði t.d. stærstan hluta skuldabréfa sinna á kaupkröfu á meðan margir aðrir lífeyrissjóðir bókfærðu skuldabréf sín á markaðsvirði. Tók Tryggvi fram í þessu sambandi að ef sjóðurinn myndi miða skuldabréf sín við markaðsverð þá hefðu ávöxtunartölur fyrir árið 2018 verið mun betri. Ástæðan fyrir því að Lífeyrissjóður bankamanna miðaði skuldabréf sín við kaupkröfu væri sú að sjóðurinn hygðist eiga megnið af skuldabréfaeign sinni til gjalddaga. Þá kom fram í máli Tryggva að á árinu 2019 hefði ávöxtun hjá Aldursdeild tekið við sér á ný og aðstæður verið deildinni hagfelldar, sérstaklega á innlendum markaði.

Næst fjallaði Tryggvi um þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar (sjá bls. 11-14 í glærusýningu). Í máli Tryggva kom fram að gera mætti ráð fyrir því að hrein eign Hlutfallsdeildar færi lækkandi á næstu árum samfara lækkandi iðgjöldum en síðustu 10 árin hefði ávöxtun sjóðsins verið mjög jöfn og yfir þeim viðmiðum sem horft væri til. Þegar litið væri til hreinnar eignar og raunávöxtunar Aldursdeildar mætti sjá sveiflukenndari ávöxtun en hrein eign Aldursdeildar fer vaxandi þar sem stærstur hluti sjóðfélaga er enn að greiða iðgjöld til sjóðsins. Ef hrein raunávöxtun milli nokkurra lífeyrissjóða er skoðuð þá má sjá í þeim samanburði að Hlutfallsdeild trónir á toppnum eins og stundum áður en Aldursdeild svona við meðallag góða ávöxtun, sveiflukenndari deild. Þá ef reynt er að skoða samanburð á milli lífeyrissjóða um langtímaávöxtun þá er það vanda bundið en munur getur verið á því milli lífeyrissjóða hvernig þeir reikna og birta sínar ávöxtunartölur og fyrir hvaða tímabil. Tryggvi sýndi glæsur með tölum frá Hallgrími Óskarssyni hjá Verdicta um langtímaávöxtun íslenskra lífeyrissjóða á tímabilinu 2000-2017. Í máli Tryggva kom fram að um væri að ræða samanburð á meðaltals raunávöxtun lífeyrissjóða en ágætt væri að hafa í huga að það kynnu að vera einhver frávik frá þessum tölum. Tryggvi nefndi þó að ef miðað væri við þessar tölur frá Verdicta þá væri ljóst að langtímaávöxtun hjá Lífeyrissjóði bankamanna kæmi ágætlega út í samanburði við aðra sjóði á því 18 ára tímabili sem um ræddi.

Þessu næst fjallaði Tryggvi um rekstrarkostnað sjóðsins almennt og ávinnslu réttinda í Aldursdeild (sjá bls. 15-16 í glærusýningu). Í máli Tryggva kom fram að rekstrarkostnaður sjóðsins væri að koma ágætlega út í samanburði við aðra sjóði. Tekist hefði að halda rekstrarkostnaði nokkuð lágum en þó væri sífellt verið að leita leiða til að gera betur. Þá nefndi Tryggvi að ef litið væri til rekstrarkostnaðar stærri lífeyrissjóða til samanburðar við rekstrarkostnað Lífeyrissjóðs bankamanna þá virtist a.m.k. ekki vera sérstök stærðarhagkvæmni í rekstri lífeyrissjóða á Íslandi. Því næst fjallaði Tryggvi um ávinnslu réttinda Aldursdeildar og kom fram í

máli hans að Aldursdeild kæmi þrýðilega út í samanburði við ýmsa aðra sjóði en meðalávinnsla væri um 15% hærri en hjá ýmsum öðrum sjóðum.

Þá gerði Tryggvi grein fyrir ársreikningi sjóðsins og vék fyrst máli sínu að Hlutfallsdeild (sjá bls. 17-25 í glærusýningu). Tryggvi fjallaði um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild árið 2018. Í máli Tryggva kom fram að Hlutfallsdeild væri lokuð deild og iðgjöld færu því lækkandi milli ára. Að sama skapi myndu útgreiðslur lífeyris hækka þar sem sjóðfélögum sem tækju við lífeyrisgreiðslum færi fjölgandi. Hrein eign Hlutfallsdeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2018 hækkaði milli ára, eða um 270 m. kr. Tryggvi fjallaði því næst um efnahagsreikning, sjóðstreymi og tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar í árslok 2018. Nákvæmar tölulegar upplýsingar um stöðu Hlutfallsdeildar má nálgast í ársreikningi sjóðsins á bls. 10-27 og á bls. 17-25 í glærusýningu.

Eftir að hafa fjallað um Hlutfallsdeild vék Tryggvi máli sínu að Aldursdeild. Byrjaði Tryggvi á að fara yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í árslok 2018. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld hefðu staðið í stað milli ára þrátt fyrir fækkun sjóðfélaga. Þá væri lífeyrisbyrði deildarinnar tiltölulega lág enn sem komið er en stærstur hluti sjóðfélaga er enn að greiða inn í deildina. Hrein eign Aldursdeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2018 hækkaði nokkuð milli ára eða um rúmlega 3 m.a. kr. Tryggvi fjallaði því næst um efnahagsreikning, sjóðstreymi og tryggingafræðilega stöðu Aldursdeildar í árslok 2018. Nákvæmar tölulegar upplýsingar um stöðu Aldursdeildar má nálgast í ársreikningi sjóðsins á bls. 29-47 og á bls. 26-36 í glærusýningu.

Þessu næst gerði Tryggvi grein fyrir fjárfestingarstefnum sjóðsins (sjá bls. 37-40 í glærusýningu). Tryggvi fjallaði um fjárfestingarstefnu hvorrar deildar fyrir sig, markmið um eignasamsetningu, vikmörk, stöðu fjárfestinga m.v. árslok 2018 og helstu áherslur á komandi ári. Í máli Tryggva kom fram að fjárfestingarstefnur deilda sjóðsins breyttust ekki mikið milli ára. Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar legði sem fyrr áherslu á að fjárfesta í eignum með seljanleika og með fyrirsjáanlegt greiðslufæði til að lágmarka áhættu. Þá mætti gera ráð fyrir áherslubreytingum innan skuldabréfaflokka á næstunni hjá Hlutfallsdeild þar sem sértryggð skuldabréf hefðu ekki verið að standast væntingar um ávöxtun. Í fjárfestingarstefnu Aldursdeildar væri herra áhættustig en í fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar og mætti gera ráð fyrir aukningu erlendra eigna á komandi árum.

Orðið var þessu næst gefið laust um skýrslu stjórnar, ársreikning sjóðsins og fjárfestingarstefnur.

Kjartan Sigurgeirsson bað um orðið. Kjartan tók til máls og sagðist vera með lítilvæga ábendingu um framsetningu í glærusýningu fundarins. Þannig væri það að sumir sjóðfélaga hefðu tapað einhverri sjón frá fermingu, a.m.k. þeir sem eldri væru, og ættu því ekki svo gott með að sjá fjárfestingarstefnur sem settar væru fram með bláum og grænum bakgrunni. Kjartan þakkaði fyrir sig.

Hinrik Greipsson, fundarstjóri, tók til máls. Hinrik þakkaði fyrir ábendingu Kjartans og sagði að hann héldi að liturinn hefði verið valinn með tilliti til litar atkvæðaseðla viðkomandi deilda, þ.e. grænn litur í bakgrunni fjárfestingarstefnu Aldursdeildar og blár litur í bakgrunni fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar. Hinrik nefndi að það mætti skoða hvort unnt væri að stækka letrið á glærunum.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Tryggvi þakkaði Kjartani og Hinriki fyrir þessar góðu ábendingar. Tryggvi sagðist skyldi taka þetta til skoðunar og nefndi í því sambandi að fjárfestingarstefnurnar væru svo aðgengilegar í ítarlegri útgáfu á heimasíðu sjóðsins.

Hinrik Greipsson tók til máls og sagði orðið enn vera laust fyrir þá sem hefðu spurningar til Ara eða Tryggva.

Anna María Hjartardóttir tók til máls. Anna María spurði hvernig stæði á því að Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka væri ítrekað að skila hærri ávöxtun en Lífeyrissjóður bankamanna.

Nú hefðu báðir sjóðir verið færðir úr ríkisreknu fyrirkomulagi yfir í einkasjóði á svipuðum tíma en samt væri Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans að skila betri ávöxtun.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Tryggvi þakkaði Önnu Maríu fyrir áleitna spurningu og sagði að hann væri því miður ekki með svar á reiðum höndum. Tryggvi sagði þó að ef hann fengi að vera með vangaveltur um það hvað skýrði þetta þá teldi hann, með fyrirvara, að munurinn lægi í því að Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans hefði verið stofnaður með þeim hætti að inn í sjóðinn hefðu verið lagðar eignir í upphafi sem í dag stuðluðu að þeirri ávöxtun sem sjóðurinn væri að skila. Tryggvi ítrekaði þó að þetta væru vangaveltur og nefndi að hann myndi grennslast fyrir um þetta fyrir næsta aðalfund.

Engir fleiri tóku til máls undir þessum lið.

Hinrik Greipsson bar því næst ársreikning sjóðsins upp til samþykktar fyrir fundinn. Var ársreikningur samþykktur samhljóða með atkvæðamerkjum fyrir hvora deild, eftir því sem við átti.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sinni á stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins er aðgengileg í ársreikningi, fyrir Hlutfallsdeild á bls. 13 og undir skýringu 14 á bls. 22 og fyrir Aldursdeild á bls. 32 og undir skýringu 15 á bls. 42. Þá sýndi Bjarni jafnframt glærur á fundinum, sjá bls. 41-54 í glærusýningu.

Í máli Bjarna kom m.a. fram að tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2018 sýndi veigamiklar breytingar frá tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2017. Heildarskuldbindingar Hlutfallsdeildar væri 7% umfram heildareignir samanborið við 6,2% árið áður (þ.e. Hlutfallsdeild fór úr heildarstöðu -6,2% í -7%). Þá væru heildarskuldbindingar Aldursdeildar 7,1% umfram heildareignir samanborið við um 4% árið áður (þ.e. Aldursdeild fór úr heildarstöðu -3,9% í -7,1%). Í máli Bjarna kom m.a. fram að auk áhrifa lægri raunávöxtunar væri lakari tryggingafræðileg staða einkum tilkomin vegna breyttra forsendna um örorku- og lífslíkur sem nú byggðu á nýjum reiknigrundvelli útgefnum af Félagi Íslenskra Tryggingastærðfræðinga þar sem tekið væri tillit til niðurstaðna nýlegrar athugunar á nýgengi örorku, endurhæfingu og lífslíkum meðal sjóðfélaga Íslenskra Lífeyrissjóða. Í máli Bjarna kom m.a. fram að samþykki fundurinn fyrirliggjandi tillögur stjórnar sjóðsins um breytingar á samþykktum þá séu áætluð áhrif á heildarstöðu Hlutfallsdeildar umtalsverð, hjá Hlutfallsdeild breyting úr heildarstöðu -7% í -1% og hjá Aldursdeild breyting úr heildarstöðu -7,1% í -6,2%. Þá sýndi Bjarni á glærum yfirlit yfir niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar fyrir hvora deild og fór yfir þær ásamt helstu forsendum þeirra. Um nánari upplýsingar vísaði Bjarni til upplýsinga um tryggingafræðilega úttekt í ársreikningi. Bjarni þakkaði fyrir sig.

Hinrik tók til máls og þakkaði Bjarna fyrir greinargóða yfirferð. Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

Júlíus Óskarsson bað um orðið. Júlíus tók til máls og sagði að stundum væri talað um að Aldursdeild stæði vel og væri góður lífeyrissjóður til framtíðar. Hinsvegar kæmi nú í ljós að það virtist ekki vera svo bjart þar framundan. Spurði Júlíus hvað skýrði þessa stöðu og hvernig þetta væri til samanburðar hjá öðrum sjóðum.

Bjarni Guðmundsson svaraði. Í máli Bjarna kom m.a. fram að áhrif breyttra reikniforsendna Félags Íslenskra Tryggingastærðfræðinga á íslenska lífeyrissjóði væru mismikil og það færi að einhverju leyti eftir samsetningu sjóðfélaga deildarinnar hversu næmir sjóðir væru fyrir áhrifum af breytingunum. Til dæmis myndi lífeyrissjóður með lága örorkutíðni meðal sjóðfélaga líklega koma betur út en sjóður með háa örorkutíðni meðal sjóðfélaga. Þá nefndi Bjarni að þá gæti líka skipt máli í hvaða stöðu viðkomandi sjóður var í undir árslok 2017 samanborið við þegar reiknað var eftir breyttum forsendum undir árslok 2018. Þannig var Aldursdeildin með heildarstöðu -3,9%

undir árslok 2017 sem skýrir að hluta hvers vegna breyting á reikniforsendum, ásamt ytri atvikum á markaði, höfðu mikil áhrif á Aldursdeild og færði heildarstöðu undir -5% markið niður í -7,1%. Til dæmis mætti sjá fyrir sér að Lífeyrissjóður sem var í jákvæðri stöðu undir árslok 2017 hefði áfram getað verið í jákvæðri stöðu undir árslok 2018 þrátt fyrir breytingar á reikniforsendum.

Júlíus Óskarsson tók aftur til máls. Júlíus nefndi að nú væri Aldursdeild ekki gamall sjóður en væri þó í þeirri stöðu sem við blasti. Júlíus spurði hvernig stæði á því.

Bjarni Guðmundsson tók til máls. Í máli Bjarna kom fram að Aldursdeild hefði eitt sérkenni umfram aðra sjóði á landinu og það væri það að Aldursdeild hefði ekki skert lífeyrisréttindi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Það hefðu hinsvegar flestir sambærilegir lífeyrissjóðir gert og þá um 10-20% sumir hverjir. Í máli Bjarna kom fram að hann teldi Aldursdeild ekki verri sjóð en aðra með tilliti til þess að aðrir lífeyrissjóðir væru margir hverjir þegar búnir að skerða lífeyrisréttindi í kjölfar hruns.

Hinrik Greipsson tók til máls og sagði orðið enn vera laust.

Kjartan Sigurgeirsson bað um orðið. Kjartan tók til máls og beindi máli sínu að tryggingafræðingi eða stjórn, eftir því hvor gæti svarað. Kjartan spurði hvaða prósentutala yrði lögð til grundvallar til að reikna lífeyri þeirra sem ættu eftir að fara á lífeyri hjá Hlutfallsdeild ef jákvæð niðurstaða fæst í dómsmálið stóra.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Tryggvi svaraði og í máli hans kom fram að ef hagur Hlutfallsdeildar batnaði í kjölfar dómsmálsins þá myndi það fé sem kæmi út úr því renna til Hlutfallsdeildar og bæta hag deildarinnar og sjóðfélaga. Allur slíkur ávinningur myndi skila sér jafnt til Hlutfallsdeildar, um yrði að ræða einskonar flata hækkun réttinda ef það mætti orða það sem svo.

Kjartan Sigurgeirsson tók aftur til máls. Kjartan þakkaði fyrir svarið en sagðist kannski ekki hafa verið nægilega skýr um hvað hann væri í raun að spyrja um. Kjartan nefndi að margir sjóðfélagar Hlutfallsdeildar í dag þyrftu að þola skert réttindi vegna stöðu Hlutfallsdeildar. Yrði dómsmálið hagfellt þá þyrftu þeir sjóðfélagar sem þá hæfu töku lífeyris ekki að þola skert réttindi, heldur mögulega hækkun réttinda. Í máli Kjartans kom fram að honum þætti þetta ekki sanngjörn staða.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Í máli Tryggva kom fram að mögulega væru þeir Kjartan að misskilja hvorn annan. Tryggvi nefndi að allar breytingar sem hefðu verið gerðar til skerðingar á réttindum Hlutfallsdeildar hefðu komið jafnt niður á sjóðfélögum deildarinnar.

Bjarni Guðmundsson tók til máls. Bjarni spurði Kjartan hvort hann væri í raun að spyrja um það hvort að sjóðfélagar Hlutfallsdeildar sem væru búnir að vera að fá greiddan skertan lífeyri fengju slík skert réttindi bætt aftur í tímann ef dómsmálið yrði deildinni hagfellt.

Kjartan Sigurgeirsson tók til máls. Kjartan þakkaði fyrir og sagðist einmitt vera að spyrja að því sem fram kom í máli Bjarna og spurði hvort verið væri að herða sultaról þeirra sjóðfélaga sem væru að fá lífeyri í dag til að tryggja að þeir sem síðar kæmu fengju nægilega mikinn lífeyri.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Í máli Tryggva kom fram að það væri svo að lífeyrissjóðurinn gæti ekki skert greiðslur til sjóðfélaga sem ættu eftir að hefja töku lífeyris.

Fleiri töku ekki til máls undir þessum lið.

4) Tillögur um breytingar á samþykktum

Hinrik Greipsson tók til máls og sagði að fyrir fundinum lægju tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins, þrjár tillögur frá stjórn sjóðsins og svo ein tillaga frá sjóðfélögum. Þá kom fram í máli

Hinriks að ferli breytinga á samþykktum lyki ekki á ársfundi heldur þyrfti samkvæmt samþykktum sjóðsins líka að fá staðfestingu meirihluta bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja og að lokum staðfestingu fjármálaráðuneytis að fengnu álitni Fjármálaeftirlitsins. Í máli Hinriks kom fram að samþykktu sjóðfélagar breytingar á aðalfundi yrðu þær því ekki að staðreynd fyrr en að undangengnu þessu ferli.

Hinrik bauð Tryggva Tryggvason velkominn í pontu til að kynna tillögur stjórnar sjóðsins.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Í máli Tryggva kom fram að fyrir fundinum lægju þrjár tillögur frá stjórn sem hefðu það markmiði að jafna þann mun sem orðinn væri á eignum og skuldbindingum sjóðsins. Tryggvi fór yfir tillögurnar og greinargerðir með þeim. Í máli Tryggva kom m.a. fram að tvær tillögur stjórnar sneru að lækkun réttinda í Hlutfallsdeild með samskonar hætti og gert var árið 2014 og að þriðja tillagan sneri að því að fella út rétt til dánarbóta í Hlutfallsdeild og í Aldursdeild. Þá nefndi Tryggvi að lokum að tillögur stjórnar væru í samræmi við það sem rætt var á sjóðfélagafundi í nóvember 2018.

Tillögur stjórnar ásamt greinargerðum voru svohljóðandi (tekið orðrétt úr skjali stjórnar sem aðgengilegt er á vefsíðu sjóðsins):

„Tillögur 1 og 2 eru vegna Hlutfallsdeildar, en tillaga 3 er vegna beggja deilda.

Fyrsta tillaga

Breyting á 9. gr. Iðgjöld til sjóðsins, lið 9.1

Var: Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Verður: Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **72,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Önnur tillaga

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna, lið 11.2

Var: Eftirlaunin skulu nema 1,92% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til 76,8% eftirlaunahlutfalli er náð.

Verður: Eftirlaunin skulu nema 1,82% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til 72,8% eftirlaunahlutfalli er náð.

Greinargerð með fyrstu og annarri tillögu er varða Hlutfallsdeild.

Breytingin er lögð til í því skyni að jafna þann mun sem myndast hefur milli skuldbindinga og eigna deildarinnar og er tillagan í samræmi við það sem kynnt var á sjóðfélagafundi Hlutfallsdeildar 28. nóvember 2018. Nam hallinn um síðustu áramót 7% af heildarskuldbindingum deildarinnar og hefur verið yfir 5% vikmörkum í 2 ár.

Viðvarandi halli hefur verið á deildinni undanfarin ár, þrátt fyrir að raunávöxtun eigna hafi verið umfram 3,5% viðmið, og skýrist einkum af því að forsendur á skuldbindingahlið hafa ekki staðist. Þó ekki sé skylt að lögum að bregðast við á þessum tímavæðingum telur stjórn skynsamlegt að lækka réttindi nú til að koma í veg fyrir frekari aukningu hallans sbr. umræður á fyrrnefndum sjóðfélagafundi.

Lækkun á árlegum réttindastuðli úr 1,92% í 1,82% samsvarar um 5,2% lækkun á lífeyri. Skapast aðstæður til hækkunar réttinda á ný mun slíkt verða gert en eins og kunnugt er rekur sjóðurinn mál fyrir dómstólum vegna Hlutfallsdeildar.

Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum breytinga á stöðu sjóðsins í umfjöllun um tryggingafræðilega úttekt á ársfundum.

Þriðja tillaga

IV. kafli. Ýmis sameiginleg ákvæði

Breyting á 29. gr. Greiðsla við andlát, lið 29.1

Var: Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við andlát hans að fjárhæð er samsvari mánaðarlaunum skv. launaþrepi nú 141. Sjóðstjórn endurskoðar þessa viðmiðun með hliðsjón af launaþróun.

Lagt er til að greinin verði felld út.

Töluliðir síðari greina breytast til samræmis.

Greinargerð með þriðju tillögu er varðar báðar deildir.

Lagt er til að sameiginlegt ákvæði um dánarbætur verði felld út en slík ákvæði tíðkast almennt ekki í samþykktum annarra lífeyrissjóða. Breytingin er lögð til í því skyni að minnka þann mun sem myndast hefur milli skuldbindinga og eigna beggja deilda.

Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum breytinga á stöðu sjóðsins í umfjöllun um tryggingafræðilega úttekt á ársfundum.“

Hinrik Greipsson tók til máls. Hinrik þakkaði Tryggva fyrir og sagði að áður en gengið yrði til atkvæðagreiðslu um tillögur stjórnar væri orðið laust um tillögurnar.

Hjörvar Jensson bað um orðið. Hjörvar spurði hvort að tillaga um brottám dánarbóta hefði ekki þannig áhrif á hinar tillögurnar, eða útkomu þeirra, að samþykkja þyrfti hana fyrst. Spurði Hjörvar jafnframt hvort stjórn væri tilbúin með varatillögu ef tillaga um brottám dánarbóta yrði ekki samþykkt.

Hinrik Greipsson tók til máls. Hinrik þakkaði Hjörvari fyrir og sagði að tillögur stjórnar lægju fyrir fundinum og að það væri hægt að koma með breytingartillögu um að hækka prósentur ef vilji fundarmanna stæði til þess.

Hjörvar Jensson tók aftur til máls og sagðist ekki vera með breytingartillögu.

Hinrik Greipsson þakkaði Hjörvari fyrir og sagði orðið enn vera laust um tillögur stjórnar.

Enginn bað um orðið og var því gengið til atkvæðagreiðslu um tillögur stjórnar.

Fyrst voru greidd atkvæði um þær tillögur stjórnar sem vörðuðu einungis Hlutfallsdeild. Aðeins bláir atkvæðaseðlar voru gildir til atkvæða.

Fyrri tillaga stjórnar sem varðaði eingöngu Hlutfallsdeild, um breytingu á 9. gr. samþykkt sjóðsins, var samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur atkvæðum.

Seinni tillaga stjórnar sem varðaði eingöngu Hlutfallsdeild, um breytingu á 11. gr., lið 11.2., samþykkt sjóðsins, var samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur atkvæðum.

Þá var gengið til atkvæða um þriðju tillögu frá stjórn. Tillagan varðaði bæði Hlutfallsdeild og Aldursdeild og sneri að því að fella á brott 29. gr. og lið 29.1 samþykkt sjóðsins og að töluliðir síðari greina breyttust til samræmis. Þar sem tillagan varðaði bæði Hlutfallsdeild og Aldursdeild voru bláir og grænir atkvæðaseðlar gildir til atkvæða. Var tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn sex atkvæðum.

Hinrik Greipsson tók til máls og kynnti að fyrir fundinum lægi næst fyrir að taka til afgreiðslu tillögu sjóðfélaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Tillagan var svohljóðandi (tekið orðrétt úr skjali sjóðfélaga sem lögðu tillöguna fram og aðgengilegt er á vefsíðu sjóðsins):

Inn í samþykktir komi nýtt ákvæði, gr. 3.4. og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3.1. eiga sjóðfélagar í Aldursdeild sjóðsins ávallt val um að vera aðilar að öðrum lífeyrissjóði og fullnægja greiðsluskyldu sinni til þess sjóðs, m.a. með greiðslu lágmarksiðgjalds, í stað greiðslu til Aldursdeildar.

Hinrik bauð Marteinn Kristjánsson velkominn í pontu til að kynna tillöguna.

Marteinn tók til máls. Í máli Marteins kom fram að honum þætti gott að geta loksins rætt efni þessa tillögu á aðalfundi sjóðsins því honum þætti vænt um hana og að hann væri viss um að margir aðrir sjóðfélagar væru sama sinnis. Marteinn nefndi að fyrir einhverju síðan hefði verið gerð könnun meðal starfsmanna Landsbankans þar sem spurt hefði verið um það hvort þeir væru fylgjandi því að fella niður skylduaðild í Lífeyrissjóð bankamanna og ef svo væri hvort viðkomandi myndi nýta sér það frelsi ef samþykkt yrði að fella niður skylduaðild og flytja réttindi sín yfir í annan lífeyrissjóð. Marteinn nefndi að niðurstöður könnunarinnar hefðu í meginráttum verið þær að einhverjir hefðu svarað með þeim hætti að þeir vildu bæði fella á brott skylduaðild og flytja réttindi sín frá sjóðnum en mun fleiri hefðu svarað á þann veg að þeir vildu fella á brott skylduaðild en ekki flytja réttindi sín frá sjóðnum. Nefndi Marteinn að þessi niðurstaða benti til þess að hans mati að fyrir marga starfsmenn Landsbankans væri valfrelsi um lífeyrissjóð grundvallaratriði og á því byggði þessi tillaga sjóðfélaga. Þá nefndi Marteinn að undir liðnum „Skýrsla stjórnar“ hefði formaður stjórnar komið inn á það að tillagan væri vanreifuð og örökstudd og að henni hefði ekki fylgt greinargerð um áhrif á sjóðinn ef samþykkt yrði. Marteinn sagði í þessu sambandi að hin upprunalega ástæða fyrir stofnun lífeyrissjóða á Íslandi væri sú að tryggja fólki efnahagslegan farborða á eftirlaunum, lífeyrissjóðir væru einskonar fjárhagsleg farartæki ef svo mætti að orði komast. Með öðrum orðum væri það mat hans að lífeyrissjóðir væru fyrir sjóðfélaga en ekki öfugt. Marteinn nefndi að með þetta í huga væri það hans skoðun að það væri ekki hlutverk sjóðfélaga að koma með greiningu á áhrifum tillögunnar á sjóðinn heldur frekar hlutverk stjórnar sjóðsins að gera það og jafnframt væri það hlutverk stjórnar sjóðsins að meta hvernig hægt væri að mæta þörfum og vilja þeirra sjóðfélaga sem að þessu stæðu, því þannig næði fólk að vinna saman. Marteinn lauk máli sínu með þeirri beiðni að stjórn sjóðsins færi yfir þær óskir sjóðfélaga sem fælust í tillögunni. Marteinn þakkaði fyrir sig.

Hinrik þakkaði Marteini fyrir og sagði orðið vera laust um tillögu sjóðfélaga.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Í máli Tryggva kom fram að stjórn hefði fjallað ítarlega um tillögu sjóðfélaga á fundi og vildi hann nú koma á framfæri nokkrum punktum um það hvernig tillagan horfði við stjórn og hvaða áhrif hún gæti haft á sjóðinn yrði hún samþykkt. Tryggvi nefndi að erfitt væri að mæla gegn grundvallaratriðinu um valfrelsi því eflaust gætu margir ef ekki flestir tekið undir að það væri gott gildi til framtíðar. Stjórn sjóðsins hefði skoðað forsendur skylduaðildar almennt og komist að því, með hliðsjón af því hvernig lífeyrissjóðakerfið er byggt upp, að það virðist vera meginregla á íslenskum vinnumarkaði að kjarasamningar geti ákvarðað skylduaðild að lífeyrissjóði þannig að samræmist meginreglum um félagafrelsi. Þá byggji skylduaðild að Lífeyrissjóði bankamanna á 90 ára gömlu samkomulagi á milli aðildarfyrirtækja og starfsmanna þeirra, þ.e. á ákvæðum í ráðningarsamningum þeirra í millum, sem teldist vera ígildi kjarasamnings og þar með stæðist sú aðild skoðun hvað það varðaði. Varðandi möguleg áhrif tillögunnar á sjóðinn yrði hún samþykkt kom fram í máli Tryggva að stjórn sjóðsins liti svo á að horfa mætti á aðild aðildarfyrirtækja sjóðsins þannig að hún fæli í sér réttindi og skyldur gagnvart sjóðnum, þannig fælist skylda aðildarfyrirtækjanna m.a. í því að útvega sjóðnum sjóðfélaga og hefðu þau ýmis réttindi á móti, t.d. aðkomu að stjórn og að breytingum á samþykktum. Tillaga af þessu tagi, eins ágæt og hún væri fyrir margar sakir, miðaði að því að fella á brott skylduaðild starfsmanna aðildarfyrirtækjanna en aðild aðildarfyrirtækjanna sjálfra að sjóðnum stæði eftir og

að mati stjórnar væri ekki skynsamlegt að afnema skylduaðild starfsmanna án þess að skoða aðild aðildarfyrirtækjanna, í þessu fælist ójafnvægi. Þá kom fram í máli Tryggva að stjórn sjóðsins hefði einnig talið rétt að tillaga af þessu tagi þyrfti að vera hluti af einskönar heildarendurskoðun á umgjörð sjóðsins og skipulagi vegna þess að ef hún yrði samþykkt óbreytt þá að mati stjórnar gæti hún haft afdrifaríkar neikvæðar efnahagslegar afleiðingar fyrir sjóðinn og þá sjóðfélaga sem eftir yrðu. Þannig gæti valfrelsið t.d. hægt á nýliðun auk þess sem óljóst væri hve margir sjóðfélagar kynnu að nýta sér valfrelsið og flyttu réttindi sín úr sjóðnum. Að mati stjórnar væri því rétt að skoða svona breytingu á sjóðnum vel og í samstarfi við aðildarfyrirtækin. Tryggvi lauk málinu og sagði þetta vera þau sjónarmið sem stjórn vildi helst koma á framfæri vegna tillögu sjóðfélaga.

Tryggvi Tryggvason bað þá Bjarna Guðmundsson um að koma í pontu til að ræða það hvaða áhrif tillaga sjóðfélaga kynni að hafa á sjóðinn tryggingafræðilega ef samþykkt yrði.

Bjarni Guðmundsson kom í pontu og tók til máls. Í máli Bjarna kom m.a. fram að eftir því sem sjóðfélögum Aldursdeildar fækkaði þá yrði kostnaðarhlutfall rekstrarkostnaðar á milli Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar óhagstæðara fyrir Hlutfallsdeild. Þannig skipti það máli fyrir fjárhagslega stöðu Hlutfallsdeildar að Aldursdeild væri þokkalega fjölmenn þar sem rekstrarkostnaður væri skiptur milli deilda hlutfallslega. Að lokum nefndi Bjarni að áhrif tillögunnar yrði hún samþykkt væru í raun óljós, ef enginn sjóðfélagi flytti réttindi sín á brott yrðu áhrifin engin en líklega væri réttast að áætla að einhverjir sjóðfélagar myndu flytja réttindi sín á brott en fjöldi þeirra væri hinsvegar óljós. Áhrifin yrðu þannig alltaf einhver og þá væntanlega neikvæð fyrir þá sem eftir yrðu.

Hinrik þakkaði Bjarna fyrir og sagði orðið enn vera laust um tillögu sjóðfélaga.

Sveinn Sveinsson lögmaður sjóðsins bað um orðið og kom í pontu. Í máli Sveins kom fram að hann tæki undir það sem fram hefði komið um tillögu sjóðfélaga hjá Ara Skúlasyni og hjá Tryggva Tryggvasyni. Þá sagði Sveinn að hann teldi jafnframt að ef tillagan yrði samþykkt þá þyrfti sjóðurinn þegar í stað að leita sameininga við annan sjóð. Þá nefndi Sveinn að hann teldi tillöguna vera illa ígrundaða og einskönar árás á Aldursdeild og Hlutfallsdeild. Lagði Sveinn til eftirfarandi breytingartillögu:

„Undirritaður leggur til, að um breytingartillöguna, sem fram er komin á 3. gr. samþykktu lífeyrissjóðsins, með nýrri gr. 3.4., verði ekki greitt atkvæði á þessum aðalfundi, heldur verði efnisinnihaldi hennar vísað til stjórnar sjóðsins til frekari úttektar á því, hvaða áhrif slík breyting hafi á stöðu aldursdeildarinnar og lífeyrissjóðinn í heild. Ennfremur til athugunar á því til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að aldursdeildin verði ekki rýrð komi til þess að æskilegt teljist að skylduaðild að aldursdeildinni verði afnumin.“

Hinrik Greipsson þakkaði Sveini Sveinssyni fyrir. Hinrik kynnti fyrir fundinum að fram væri komin breytingartillaga um að vísa tillögu sjóðfélaga frá fundinum en áfram til efnislegrar umfjöllunar stjórnar sjóðsins. Hinrik spurði Marteinn Kristjánsson flutningsmann tillögu sjóðfélaga hvort hann vildi tjá sig áður en breytingartillagan um frávísun yrði borin upp til atkvæðagreiðslu.

Marteinn Kristjánsson tók til máls. Marteinn þakkaði Tryggva Tryggvasyni fyrir ágæta umfjöllun um áhrif tillögu sjóðfélaga á sjóðinn og nefndi m.a. að hann teldi Tryggva hafa lýst því ágætlega hvaða atriði það væru helst sem þyrfti að skoða nánar áður en tillaga um afnám skylduaðildar yrði samþykkt. Að lokum sagði Marteinn að þrátt fyrir það hefði tillaga sjóðfélaga verið lögð fram innan tilskilinna fresta í samræmi við lög og reglur og að af þeim sökum færi hann fram á það að fundurinn tæki hana til afgreiðslu og greiddi atkvæði um hana.

Ari Skúlason tók til máls. Í máli Ara kom m.a. fram að stjórn sjóðsins hefði fjallað ítarlega um tillöguna og tekið hana mjög alvarlega. Tillagan byggði á hugmyndafræði sem væri góð og gild og sem við styddum öll. Þá nefndi Ari að hann teldi ljóst að hvernig sem færi myndi sjóðurinn halda

áfram að fjalla um þetta mál, aðild, og hvernig við gætum haldið sjóðnum gangandi með einum eða öðrum hætti.

Hinrik Greipsson þakkaði Ara fyrir og kynnti að þá yrði gengið til atkvæða um breytingartillögu Sveins Sveinssonar um að vísa tillögu sjóðfélaga til umfjöllunar stjórnar. Var tillagan samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga hækkun um laun stjórnarmanna úr kr. 80.000.- á mánuði í kr. 85.000.- á mánuði, tvöfalt fyrir formann. Laun varamanna verði óbreytt kr. 40.000.-, þó ekki hærrí en kr. 85.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 45.000.- á mánuði í kr. 48.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun stjórnar- og skoðunarmanna og laun varamanna. Enginn bað um orðið. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

7) Önnur mál.

Hinrik tók til máls og hvatti sjóðfélaga í Hlutfallsdeild til að sitja áfram undir liðnum „önnur mál“ þar sem Tryggvi Tryggvason myndi fjalla um stöðu mála hjá Hlutfallsdeild.

Tryggvi Tryggvason kom í pontu og tók til máls. Tryggvi hóf mál sitt á að vísa til þess að áhugasamir fundarmenn um upplýsingar um framvindu dómsmáls Hlutfallsdeildar gætu kíkt annað slagið á vefsíðu sjóðsins en þar birti sjóðurinn reglulega upplýsingar þar um. Þá mætti finna á bls. 66-68 í glærum fundarins sem aðgengilegar væru á vefsíðu sjóðsins þau atriði sem hann myndi fjalla um í dag. Tryggvi byrjaði á að fara stuttlega yfir tímalínu dómsmálsins frá upphafi og upplýsti svo um það að þann 24. apríl sl. hefði héraðsdómur vísað 3 af 4 kröfuliðum sjóðsins frá dómi. Rökstuðningur dómsins fyrir frávisun hefði í meginatriðum verið sá að kröfur sjóðsins fælu í sér nýja samningsgerð frekar en breytingu á samningi og að 36. gr. samningalaga fæli ekki í sér slíka heimild. Sú krafa sem eftir stóð fyrir sjóðinn væri sú krafa að viðurkennt yrði að íslenska ríkið bæri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðfélaga Hlutfallsdeildar sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands. Kom fram í máli Tryggva að úrskurður héraðsdóms væri svo nýlegur að stjórn sjóðsins ætti eftir að ákveða viðbrögð sjóðsins við úrskurðinum, t.d. hvort kæra ætti úrskurðinn til Landsréttar. Að lokum benti Tryggvi á að úrskurður héraðsdóms væri aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins og nefndi Tryggvi að enn væri nokkuð í að það sæi fyrir endann á þessu máli. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik tók til máls og sagði orðið vera laust.

Sverrir Jónsson tók til máls og spurði hvenær myndi koma til skerðingar á réttindum sjóðfélaga samkvæmt samþykktum tillögum stjórnar fyrr á fundinum.

Tryggvi Tryggvason tók til máls og svaraði því til að samþykktar tillögur færu sína leið samkvæmt samþykktum, fyrst til atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja og svo til staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Gera mætti ráð fyrir því að ef tillögurnar verða samþykktar og fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins að réttindi verði lækkuð skv. tillögunum næsta haust, mögulega í október.

Hinrik Greipsson sagði orðið enn vera laust. Fleiri tóku ekki til máls.

Hinrik þakkaði góða fundarsetu og málefnalegar umræður að vanda. Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið um kl. 19:15. Fundarmenn voru um 73 talsins.

Reykjavík, 18. júní 2019

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:



Pálmi Rögnvaldsson